

Nr. 19-156 S 096 Hrafn Sveinbjarnarson GK 255***Skipverji slasast á fæti***

Skipaskr.nr. 1972 IMO nr. 8709810
 Smíðaður: Flekkefjord Noregi 1988 stál
 Stærð: 290,3 brl. 1028 bt.
 Mesta lengd: 47,9 m Skráð lengd: 39,3 m
 Breidd: 11 m Dýpt: 7,45 m
 Vél: Deutz 1850 kW, 1988
 Fjöldi skipverja: 25



Hrafn Sveinbjarnarson ©Hilmar Snorrason

Gögn:

Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 3. febrúar 2020 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.


Atvikalýsing:

Þann 8. apríl 2019 var Hrafn Sveinbjarnarson GK 255 togveiðum. Veður: 13-17 m/s og talsverður sjór.

Skipverji var við úrslátt við fremri bindivél á vinnsluþilfari og ætlaði að skipta um rúllu í henni. Til þess þurfti hann að stökkva yfir færiband en við það missteig hans sig á ökkla á hægri fæti og bólgnaði mikið upp. Síðar þegar hann leitaði til læknis kom í ljós að hann var fótbrottinn.

Við rannsókn kom fram:

- að slasaði taldi að um klaufaskap hafi verið að ræða, hann hafi verið að flýta sér og lent illa;
- að eftir slysið var fyrirkomulagi breytt þannig að nú þarf ekki að stökkva yfir færibandið heldur er hægt að lyfta rúllunum upp og mynda gönguleið (*sjá mynd*).

**Nefndarálit:**

Nefndin ályktar ekki í málinu en telur að brugðist hafi verið rétt við með því að breyta fyrirkomulaginu til að auka öryggi.